



Reykjavík 7. febrúar 2011

Ungt fólk 2011- Grunnskólanemar

Ágætu foreldrar / forráðamenn,

Dagana 14. til 17. febrúar er fyrirhugað að gera könnun á högum og líðan ungmenna í 5. til 7. bekk grunnskóla á Íslandi. Könnun þessi er samkvæmt rannsóknaráætlun meðal ungmenna til ársins 2016 og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samhliða verður gerð lítil könnun á vímuefnaneyslu ungs fólks í 8. – 10. bekk eins og undanfarin ár.

Rannsóknir & greining hefur sérhæft sig í rannsóknum á ungu fólki og nær gagnagrunnur stofnunarinnar allt aftur til ársins 1992. Upplýsingar úr rannsóknunum eru notaðar við stefnumótun og aðgerðir í málefnum ungs fólks og eru grunnur að vinnu fjölmargra þeirra sem vinna að málefnum ungs fólks á Íslandi, hvort heldur sem er ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga, félagssamtaka eða einstaklinga. Í þeim sveitarfélögum sem nýta sér rannsóknirnar búa um 80% landsmanna. Rannsóknirnar hafa verið lagðar fyrir meðal grunnskólanema á Íslandi árin allt frá árinu 1992 og mynda því samfellda og mikilvæga heild yfir tíma.

Könnunin meðal nemenda á miðstigi lýtur sem fyrr að því að kanna hagi og líðan ungmennanna og félagslega þætti svo sem tengsl við foreldra og vini, íþróttir og tómstundir, félagslíf, líðan, einelti, streitu, mataræði, nám, félagslega stöðu, svefn, lestur, tölvunotkun, viðhorf til framtíðarinnar og annað mikilvægt.

Könnunin er nafnlaus og ópersónurekjanleg og því ekki hægt að rekja neinar upplýsingar til einstaklinga. Þegar nemendur hafa lokið við að fylla út spurningalistana eru þeir beðnir að setja þá í umslag og loka þeim vandlega áður en þeim er safnað saman. Listarnir eru svo sendir greiningaraðilum sem tölvuskra upplýsingarnar án þess að geta með nokkru móti vitað hverjum þær tilheyra. Að skráningu lokinni er spurningalistunum eytt. Frá upphafi hefur Persónuvernd verið gerð grein fyrir framkvæmd þessara kannana, en þar sem ekki er um persónurekjanleg gögn að ræða, falla þær ekki undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Með þessu bréfi biðjum við ykkur, kæru foreldrar/forráðamenn, að samþykka að barn ykkar taki þátt í könnuninni. Berist okkur ekki athugasemd við beiðni þessari gerum við ráð fyrir að slíkt samþykki sé til staðar. Verði þátttaka góð koma upplýsingarnar til með að skila mikilsverðum niðurstöðum, bæði hagnýtum og fræðilegum líkt og fyrri kannanir af þessu tagi hafa gert.

Ef nánari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við Jón Sigfússon hjá Rannsóknum & greiningu með tölvupósti jon@rannsoknir.is eða í síma 599 6431.

Með vinsemd og virðingu
Starfsfólk Rannsókna & greiningar